


Upphaf kvenskátastarfs



Agnes Baden-Powell og Juliette Low



María prinsessa og Jakobína Magnúsdóttir



Áslaug Ágústsdóttir og séra Bjarni



Félagar í Skátafélagi KFUK á fyrsta starfsári



Úr fundargerð á ársafmælisfundinum



Frú Hanson (formaður skátaráðsins) útbýtti ársstjörnunum, síðan voru útnefndar flokksforingjar, Þórunn Brynjólfsdóttir, Else Nielsen og Guðrún Stefánsdóttir og aðstoðarforingjar Kristín Sigurðardóttir, Anna Baldvinsdóttir og Hólmfríður Guðmundsdóttir, síðan var drukkið chocolate og kaffi. Kvöldið var endað með því að safnast saman í stóra salum (í KFUM) nokkrar skátastúlkur sýndu bindingar og töluðu flaggamál, svo las frk. Ólafía Jóhannesdóttir úr Biblíunni og talaði til okkar skátanna og bað bæn, og svo var sungið.

Úr einni gjörðabóka félagsins



28.–30. júlí [1923]. Við fórum þrjár á laugardagskvöld upp á Kjalarnes og vorum um nóttina á Völlum, á sunnudaginn fórum við tvær út að Esjubergi og þar upp á Esju, við fengum ágæta hesta á Völlum og besta veður. Þetta voru þær Jakobína Magnúsdóttir, Þórunn Brynjólfsdóttir og Hólmfríður Guðmundsdóttir.

Segja skilið við KFUK



Kvenskátafélagið varð sjálfstætt félag árið 1932 og nefndist upp frá því Kvenskátafélag Reykjavíkur.

Á fundi 21. febrúar 1926 vakti Ársæll Gunnarsson máls á „afstöðu KFUM og KFUK til skátaheyfingarinnar yfirleitt, sérstaklega um það atriði, að hve miklu leyti það gæti skoðast sem skilyrði fyrir að vera í skátafélagi að sá hinn sami væri meðlimur í KFUK og KFUM“

Hver var kvenskátahöfðingi Íslands?




Á fundi skátaráðs 25. október 1926 var til umræðu að erlendir kvenskátar spyrjist fyrir um það hver sé „Chief Commissioner“ félagsins og og hver sé „Secretair“. Ákveðið var að Jakobína Magnúsdóttir skyldi hafa þessi embætti með höndum.

Alþjóðasamband kvenskáta



Alþjóðasambandi kvenskáta, *World Association of Girl Guides and Girl Scouts (L'association mondiale des guides et des éclaireuses)*, var formlega komið á fót 1928.

Jakobína sækir stofnráðstefnu í Ungverjalandi.



Alheimskvenskátaforingi 1930



Kvenskátastarfið dreifist um landið



Fyrsta kvenskátadeildin utan Reykjavíkur var stofnuð 5. júlí **1924 í Hafnarfirði**, en Elsa Nielsen og Elín Jóhannesdóttir úr Skátafélagi KFUK höfðu veg og vanda að því. Árið **1925 var formlega stofnað kvenskátafélag í Hafnarfirði**. Deildir kvenskáta voru stofnaðar á **Akranesi og Ísafirði 1928**. Nokkuð var rætt um stofnun deild kvenskáta á Akranesi í ljósi þess að KFUK starfaði ekki þar, en allir kvenskátar í Reykjavík urðu jafnframt að vera félagar í KFUK. Á sveitarfundi í Skátafélagi KFUK 21. mars 1927 voru gestkomandi tvær skátastúlkur úr **Vestmannaeyjum**.

Landsmót kvenskáta



Fimm ára afmælistímið var haldið í Hafnarskógi 4.–11. júlí 1927, en það telst fyrsta landsmót íslenskra kvenskáta. Alls tóku um 50 stúlkur þátt í mótinu. Aftur var efnt til landsmóts á tíu ára afmælinu 1932. Það mót var haldið við Langá í landi Ánabrekku. Félagið gekkst einnig fyrir landsmótum árin 1937, 1938 og 1942.

Úr fundargerðarbók 1. flokks 1. sveitar:



„Hjördís kom með snæri og við æfðum okkur á hnútum og bjuggum til sjúkrabörur úr kápunni hennar Hjördísar. Fundi var slitið klukkan 22.“

Þetta var 1938 og þarna var **Áslaug Friðriksdóttir** mætt á sinn fyrsta skátafund.



Ljósálfar koma til sögunnar



Á ljósálfafundi 20. janúar 1939 kenndi Unnur Gunnarsdóttir telpunum ljósálfahrópið: „Too – with – too – woo.“ Á fundum ljósálfa var einkum farið í leiki, en fundirnir voru að jafnaði haldnir í ÍR-húsinu. Meðal vinsælla leikja voru fram, *fram fylking, köttur og mús, hlaupa í skarðið, Maja og lambið, skollaleikur, í grænni lautu, meyjanna mesta yndi, nállaleikur, aumingja kisa, api til sölu og orðið látið ganga.*

Á ljósálfafundi



Ljósálfafundirnir enduðu með því að sungið var „Ó, faðir gjör mig lítið ljós“ og loks var farið með ljósálfahrópið. Mikið var sungið á fundum og fjölmargar enskir söngvar urðu vinsælar á þessum árum, eins og til dæmis Watchman: „Watchman, whatchman tell us the hour“ og „Rig – a – jig – jig“.

Dame Katharine Furse skrifar Jakobínu



6th April, 1938.

Dear Miss Magnusdottir

I was so very sorry to learn from your letter of the death of your President, Doctor Thorsteinsson.

It was good of you to write, so that I have an opportunity at once of expressing the sincere sympathy of the World Bureay, both to you personally, and to your Association. The loss is such a colleague will be a great shock to you, and it is a great blow to your Association to lose its president.

She will, I am sure, be sadly missed, and remembered with gratitude for the fine work she has done.

Your sincerely
Katharine Furse

Lady Baden-Powell tekur málin í eigin hendur



Íslenskir kvenskátar efndu til landsmóts á Þingvöllum í ágústmánuði og þangað kom Olave Baden-Powell. Hún átti viðræður við Jakobínu Magnúsdóttur og það gladdi Olave að vita að hér væru starfandi 466 kvenskátar, svo augljóslega hafði glæðst mikið yfir starfinu frá árinu áður þegar kvenskátar töldust aðeins um 170



Lady Baden-Powell skrifar Ingríði krónprinsessu:



„I cannot stress too strongly how deeply impressed we have all been by the character of both Scouts and Guides in Iceland and I hope that Your Highness will feel willing to give them your Patronage in the way suggested.“

Kvenskátasamband Íslands stofnað



Fimmtudagskvöldið 23. mars 1939 mættust fulltrúar allra kvenskátafélaga í Oddfellowhöllinni við Tjörnina í Reykjavík og stofnuðu með sér Kvenskátasamband Íslands (KSSÍ). Fulltrúar voru mættir frá Kvenskátafélagi Reykjavíkur, Akraness, Borgarness, Önundarfjarðar, Suðureyrar, Súgandafirði, Valkyrjunni, Akureyri, Valkyrjum, Ísafirði, Valkyrjum, Siglufirði, Ásynjum, Sauðárkrók og Svölum, sem var nýstofnað kvenskátafélag í Laugarnesskóla.

Aðildarfélögin í upphafi



- Kvenskátafélag Reykjavíkur, skátar 192, ljósálfar 67, samtals 259. Þórunn Brynjólfsdóttir.
- Kvenskátafélagið Valkyrjan, Akureyri, samtals 12. Hrefna Tynes.
- Kvenskátafélagið Valkyrjan, Siglufirði, skátar 43, ljósálfar 35. Hrefna Tynes.
- Kvenskátafélag Akraness, samtals 26. Valgerður Briem.
- Kvenskátafélagið Valkyrjan, Ísafirði, samtals 25. Ása Pálsdóttir.
- Kvenskátafélagið Völvur, Suðureyri, samtals 10. Guðríður Guðjónsdóttir.
- Kvenskátafélagið Svölur, Laugarnesskóla, samtals 10. Jón Sigurðsson.
- Kvenskátafélag Borgarness, Sigríður Bachmann.
- Samtals 427 sambandsfélagar.
- (Kvenskátafélag Hafnarfjarðar hafði þá nýverið verið lagt niður og voru Kvenskátasambandinu faldar eigur þess).

Yfirforingjar íslenskra kvenskáta



- Jakobína Magnúsdóttir
1939–1941
- **Brynja Hlíðar**
1941–1944

